

Í skóginum hefir árið 1914 verið höggvið samtals 372 hestburðir hrís og 90 hestburðir bálkar, eða samtals 462 hestb. Þegar þar við bætast 16 hestb. hrís, sem til var frá fyrra ári, gerir þetta samtals 478 hestburði. Hér af var fleytt niður Þnjóská 18 hestburðum, seldir 58 1/2 hestb., til eldiviðar skógvarðar 119 1/2 hestb. og til nú í árslokun 282 hestburðir. Auk þessa hafa verið höggðir 78 raftar, sem seldir voru fyrir kr. 31,95, og annar efniviður seldur fyrir kr. 21,55.

Af birkiþræi var safnað 48 1/8 kg. hér í skóginum í Þórðarstaða-skógi, og á Akureyri var safnað um 30 kg. af reyniþræi.

Í skóginum voru plantaðar 620 fjallfuruplöntum úr græðireitnum.

Í græðireitinn hefir verið gróðursett í beð 9065 birkiþræi og 260 fjallfuruplöntur úr þræbeðum. Í græðireitinn var sáð 10 kg. af birkiþræi og 5 kg. reyniþræ. Á árinu var græðireiturinn stækkaður um 640 rúmmetra vestur á við. Var efnið í girðingu þá sem til þess þurfti, tekið úr Rauðugirðingunni.

Í græðireitunum eru nú ca. 8000 birkiþræi og 1200 reyniviðarplöntur umplantaðar, sem þurfa að plantast út á komandi vori til þess að fá rúm til að planta um þræbeðsplöntur, því af þeim eru til fleiri tugir þúsunda bæði birki og lævirkja-plöntur, sem nauðsynlega þarf að umplanta.

Héðan hafa á árinu verið afhentar:

110 birkiþræi með hnaus úr skóginum.

17202 birkiþræi úr græðireitnum

700 reyniviðarplöntur úr græðireitnum

13 fjallafuruplöntur úr græðireitnum

65 asparplöntur frá Garði og

10600 víðikvistir frá Sörlastöðum eða alls

28690 plöntur og græðikvistir.

Þetta árið hefir vöxturinn í skóginum og græðireitnum verið með bezta móti, þrátt fyrir það þótt sumarið kæmi seint, og varð birkiþræið vel þroskað og með meira móti í haust.

Í Aðaldalshraununum er vöxtur skógarins miklum mun minni en hér í dalnum, enda eru skógarnir þar ógirtir, og verða sumir hlutar þeirra fyrir tilfinnanlegum ágangi. Væri því afar nauðsynlegt að þeir væru girtir, og það því fremur, sem áhugi er töluverður hjá eigendum og ábúendum jarða þeirra, sem hlut eiga að máli. Að vísu er skóglendið

mjög sundurskorið af gróðurlausum hraunflákum, sem rýra gildi skógarins að miklum mun, en að hinu leytnu liggja þessir skógar ekki nema 15 til 20 kílómetra frá Húsavík, og þangað er ágætur akvegur beint frá skóginum, svo skilyrðin til þess að selja skóg eru hin álitlegustu, sem ég þekki hér á landi. Og þetta því fremur, sem flestir skógareigendur og ábúendur eru málinu hlynntir, þótt sumir þeirra sjái sér ekki fært að leggja mikið í kostnað, enn sem komið er.

Í Vatnshlíðinni í Reykjadal er skógurinn í góðri framför, en það er sameiginlegt með alla þessa skóga, að þá þyrfti að grisja miklu meira en gert er.

Í Leyningshólum er bezta skógakjarrið í brekkum, sem nefndar eru Timburdalsbrekka, Laugadalsbrekka og Háadalsbrekka. Mynda þær til samans skógarkjarrsræmu langa og mjóa, en ofan við og neðan við eru berir mela- eða grjótt-hryggir eða hjallar. Á þessa hjalla virðist mér heppilegast að setja girðinguna, ef kjarrið yrði girt, og get ég ekki betur séð en með því mætti fá allgott girðingarstaði, ef hjallabrúnirnar eru þræddar eftir því, sem hægt er. Alls geri ég ráð fyrir, að girðingarsvæðið verði um 900 - 1000 metra í lengd, en ekki nema frá 200 til 400 metra að breidd, en öll girðingin ca. 2500 metra að lengd. Auðvitað er skóglendi þetta lítið að víðáttu og liggur helzt til hátt yfir sjó, til þess hægt sé að vanta mjög mikils af því, en á hina hliðina, þar sem þetta er eina skóglendið í Eyjafjarðarsýslu, álít ég rétt og sjálfsagt að friða það, og reyna að bæta það svo mikið, sem auðið er.

Í júlímánaðarlok hjó ég og vigtaði 100 kílógrömm af hrís, sem la svo í skóginum þar til í októberbyrjun, að ég vigtaði viðinn aftur. Léttist hann á þessu tímabili um 37 1/2 kílógrömm. Helmingurinn af þessum hrís var smár og hafði hann létzt um 43 %. Hinn helmingurinn var stórvaxnari, án þess þó að í því væri svert brenni, og hafði sá helmingur létzt um 32 %.

Vöglumll. jan. 1915

Stefán Kristjánsson